

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar,
nr. 320 18. júlí 1979, með síðari breytingum.

1. gr.

47. gr. orðist svo:

Öllum veitingastöðum, sem ekki hafa áfengisveitingaleyfi, skal loka kl. 23.30 til kl. 07.00. Leiktækjastofum skal loka kl. 22.00 til 07.00.

Selja má ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað í veitingastaðnum eftir lokunartíma og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleik eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma að fengnu leyfi lögreglustjóra, ef eigi taka þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra.

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun, nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar. Slíkt leyfi má einungis veita þeim sem hefur veitingastofuleyfi. Börnum innan við 12 ára aldur er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Ákvæði 45. og 46. gr. taka til þeirra eftir því sem við á. Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur lögreglustjóri eða bæjarstjórn svipt hann leyfinu enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

Um slit á skemmtunum og öðrum samkomum fer að lögum sem gilda á hverjum tíma og reglum sem settar eru samkvæmt þeim, nú reglugerð nr. 587/1987, sbr. reglugerð 178/1999. Allir gestir skulu fara út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er, nema gestir á gististöðum, sem hafa þar náttstað eftir lokunartíma.

Bæjarstjórn getur veitt veitingastöðum, sem hafa leyfi til áfengisveitinga samkvæmt áfengislögum, heimild til að hafa opið allan sólarhringinn eða skemur eftir atvikum.

Veitingastaði, þar sem fram fer sala heitra máltíða eða fjölbreyttra kaffiveitinga, skal heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til kl. 02.00, enda sé slík sala meginhluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar. Heimilt er þó með leyfi lögreglustjóra, að hafa opið á föstudögum og laugardögum til kl. 03.00. Lögreglustjóri getur heimilað að skemmtanir megi standa lengur en að framan greinir, ef sérstaklega stendur á. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir tiltekna tíma.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja, hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1998, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júlí 2002.

F. h. r.
Stefán Eiríksson.

Jón Þór Ólason.